

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

318. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 19.04.2013, kl.16:00 á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5.

Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson, Ómar Stefánsson, Karl Sigurðsson og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar. Hafsteinn Pálsson, Páll Hilmarsson og Stefán Snær Konráðsson boðuðu forföll.

Tekið fyrir:

1. Niðurstaða tilboða í metan

Framhaldið umræðu frá síðasta fundi stjórnar. Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað frá verkfræðistofunni Mannvit, „Útboð á metani – Mat á stöðu leyfismála og tæknilegri getu“, dagsett 18.4.2013. Stjórnarformaður greindi frá fundi formanns, varaformanns, framkvæmdastjóra og lögmanns með Samkeppniseftirlitinu sem fram fór fyrir í dag. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Olíuverzlun Íslands h.f. og N1 h.f.

2. Lögfræðikostnaður SORPU

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað um lögfræðikostnað SORPU frá árinu 2009 til dagsins í dag. Heildarkostnaður á tímabilinu er kr. 12.548.286,- (á verðlagi hvers árs).

3. Tímasetning næsta stjórnarfundar

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 29.04.2013 klukkan 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 16:50.

Fundarritari Bjarni G. P. Hjarðar.

Margrét Gauja Magnúsdóttir
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Ómar Stefánsson
Karl Sigurðsson
Björn H. Halldórsson
Páll Hilmarsson